

Fjar-Fundur settur kl. 20.

Mættir: Anna María Flygenring (AMF), Anna María Lind Geirsdóttir (AMLG), Guðmundur Freyr Kristmundsson (GFK), Guðný Ívarsdóttir (GÍ), Guðni Ársæll Indriðason (GÁI), Bettina Wunsch (BW), Birna K. Baldursdóttir

Fundargerð ritar AMLG.

1. AMF tók þátt í auka búnaðarþingi. Þar bar hæst á góma að stjórn Bændasamtakann bað um víðari heimildir til að semja og etv selja Hótel Sögu. Hóтелиð og Bændahöllin á leið í gjaldþrot því lagst hefði verið í kostnað vegna breytinga á hótelinu en eftir að ferðaþjónustan hrundi þegar Covid19 pestin fór að ganga þá hefur hóтелиð ekki haft tekjur sem svara skuldbindingum. Samtökin fengu dæmdan frest frá Héraðsdómi Reykjavíkur og eru í greiðsluskjóli. Óvíst hvað verður en virðist stefna í gjaldþrot.

2. Óskað var eftir skráning raunverulegra eigenda félagsins í fyrravetur. GÁI tók að sér að sjá um rétta skráningu en hún virðist ekki hafa skilað sér. AMLG fletti upp í Fyrirtækjaskrá þar er heimili að Hlíð Skeiða og Gnúpverjahreppi en stjórnarformaður skráður Sif Matthíasdóttir. Þarf að laga. GÁI tekur að sér.

3. Hafrastöðin Þórulág og sæðissala. BKB: Sæði var sent út í júlí til Bandaríkjanna. Búið að ganga frá greiðslu. M.a. var tekið brucella próf af sæðinu sem selt var og þykir þörf að halda þeim prófunum áfram til að tryggja gæði sæðis. Verður að öllu líkindum náð í nýja hafra í haust árið 2020. Félagið þarf að hvetja bændur til að nýta sér sæðingarnar og auglýsa brucella prófuðu hafrana, en brucella í sæði veldur fósturláti. BKB ræddi við Hörpu a dýralæknir stöðvarinnar að sjá um prófanirnar.

Möðrudals hafrarnir reyndust óproskaðir, lélegt ef nokkuð sæði úr þeim. Magnús á Snorrastöðum er með nær svartan kollóttan hafur sem að stendur stöðinni til boða. Hafurinn ættaður úr Dölunum og Háafelli. Einnig var stóð nær svartur hafur til boða hjá Indriða í Kelduhverfi.

4. Sláturhúsin. AMF: Sláturhúsið Borgarnesi hækkaði verðið í miðjum klíðum slátrunar, bera fyrir sig erfiðleikum við slátrun geita. GFK: Háafell sendi einnig í slátrun í Borgarnesi, verðið tvöfalt á við í fyrra, bera fyrir sig að erfitt slátra geitum og erfitt að flá en viðmiði er sauðfé en ætti e.t.v. að vera nautgripir eða kálfar. Guðjón, starfmaður hjá sláturhúsinu í Borgarnesi er samt til í að prufa loft við fláningu. E.t.v. stjórnarmenn sláthússins sem vilja ekki geitur. Háafell sendir næst norður þar sem verð er lægra og þjónusta jákvæð. AMF hefur verið í vanda að fá innmat og stökur með kjötinu heim. SS hækkaði verð í miðju klíðum í fyrra til sauðfjárþænda sem tóku meira heim.

GÁI : Átti tal við Kalla sútara en sútunar vélnarar og allur búnaður var seldur austur á Hérað til Jósep Valgarðs Þorvaldssonar á Víðvöllum Fremri. Að öllum líkindum verður sútunarverkstæði komið á laggir þar eftir 1-2 ár.

GFK: Ninja nokkur heimsótti Háafell. Hún er tengd sláturhúsinu í Borgarnesi. Hún kvað að þau íhugi að senda gærur til sútunar í Svíþjóð, því ekki stökur líka. Feldfjárþændur senda gærur til sútunar í Svíþjóð. Salta þarf skinnin og setja á bretti. Hugmynd að sameinast um bretti.

5. Aðalfundur 2020. Stjórn sammælist um að halda aðalfund. Þarf að auglýsa með minnst 10 daga fyrirvara skv. Lögum félagsins. Aðalfundur verður haldinn 24. október á Zoom. AMF mun vera í sambandi við Matís ; Óli og Ólafur , um að halda kynninguna á Vöruþróunarverkefningu fyrir fundinn. AMF hafði sent stjórn uppkast að skýrslu stjórnar í tölvupósti og hún var samþykkt.

Önnur mál: GFK Hvernig gengur bændum að selja kjötafurðirnar? BW fékk beiðni frá stórmarkaði um að selja kjötið sitt þar en kaupandinn lækkaði verðið sem henni fannst ekki vera sanngjarnt og hætti við. Soumak veitingastaður á Laugavegi Rvk vildu fá reglulegar sendingar af geitakjöti.

Krauma hefur verið með geitaplatta í boði og vilja læri. Hafa leitað fanga víða. AMF hefur tvisvar selt ágætlega á REKO suðurlandi.

GFK Jóhanna fær oft fyrirspurnir um hvar er verið að selja. Beint frá býli er góð leið til að tengjast kaupendum. Heimasíða geit.is er með framleiðendur / bændur á síðunni og upplýsingar um vörur.

Engin afurðarstöð selur geitaafurðir.

BKB; hægt að auglýsa FB. Vantar uppskriftir, fitusnautt kjöt geita ekki hægt að elda alveg eins og sauði.

GÁI: Einn bóndi auglýsti á Braski og bralli og seldi allt. Matarsjóður Íslands mun veita styrki til matarvöruþróunar og þar fellur geitin undir. Framleiðnisjóður verður áfram með sauði, grænmeti og naut.

Fundi slitið kl. 21:30